

1873.

15. marz.

Ef tunnan er löggilt, er pottatalið markað á tunnunni. Þessi mál, sem nú voru nefnd, eru reyndar venjuleg, en eru samt ekki svo áreiðanleg, að farið verði eftir þeim við útreikning gjaldsins, með því sömu nöfnin eru höfð að handa hófi um ílát, sem eigi að öllu leyti eru jafnstór; tunnan ein er áreiðanlegt mál, ef hún er löggilt.

Hið sama er um útlend tunnu-ílát. Einn *barrique* er frakkneskt mál, sem er

í Bordeaux	236,00	danskir pottar
í Bayonne	255,37	— —
í Cette eru pípur uppá 70 <i>viertel</i> . . .	560,00	— —
í — — — — 65 — . . .	520,00	— —
í — — — — 60 — . . .	480,00	— —
í Madrid er pípan	455,50	— —
í Malaga	586,00	— —
á Madeira	431,00	— —
í Portúgal	520,00	— —

20. marz.

20. Bréf dómsmálastjórnarinnar til sjóliðsstjórnarinnar, um gufuskipsferðir m. m.

Sjóliðsstjórnin hefir í bræfi 14. þ. m. skýrt frá, að skonnortuskipið Fylla eigi að fara ferð til Íslands og Færeyja undir stjórn P. F. Gjödesens kapteins í öndverðum næsta mánuði, og spurt að, hvort dómsmálastjórnin æski, að skipstjóra verði sagt fyrir sèrstaklega í einhverju efni.

Jafnframt og vísað skal í þessu efni til þess, sem sagt er í bræfum dómsmálastjórnarinnar 10. febrúar og 25. marz 1871 að því leyti, er snertir Færeyjar, og til bræfs dómsmálastjórnarinnar 26. marz f. á.¹ að því leyti, er Ísland snertir, — en samkvæmt því verður nú frá þessu ári að framfylgja einbeittara en áður

¹) Tiðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 326.

1873.

20. marz.

tilskipun 12. febrúar f. á., um fiskiveiðar útlendra við Ísland og fl., — verðum vèr að æskja þess, að athygli skipstjóra verði leidd að því, að hann samkvæmt erindisbræfi landshöfðingjans yfir Íslandi, 29. júní f. á., 10. gr., verði að leita til tæðs embættismanns, ef það kemur fyrir að útlendir fiskimenn gjöri sig seka í afbrotum gegn fyr nefndri tilskipun.

Eins og sjóliðsstjórninni mun kunnugt, hefir alþingi nokkrum sinnum farið þess á leit, að stofnaðar yrði gufuskipsferðir kringum strendur Íslands, en þessu hefir eigi hingað til orðið komið við, sökum kostnaðarins, sem því yrði samfara. Reyndar hefir það verið nokkur bót í máli, að gufuskip frá Noregi hefir á fyrirfarandi tveimur árum verið í förum til Íslands og siglt milli nokkurra hafna þar, en með því gufuskipsferðir þessar nú eru á enda, munu menn finna enn meira til þess en áður, að eigi gengur neitt gufuskip milli verzlunarstaðanna á Íslandi. Af þessari sök álitur dómsmálastjórnin það mjög æskilegt, að skonnortuskipið Fylla einhvern tíma í sumar gæti farið eina eða tvær ferðir frá Reykjavík til hinna helztu hafna á Íslandi, og þá sérílagi til Stykkishólms, Ísafjarðar, Akureyrar, Seyðisfjarðar og Berufjarðar, og skyldi menn þá geta komið með skipinu bræfum og litlum böggjum. Landshöfðingi skyldi sjá um, að ferðir þessar yrði birtar almenningi fyrirfram, og væri bezt, að þeim yrði komið í samband við ferðir póstgufuskipsins Dönu.

Dómsmálastjórnin mælist að endingu til, að sjóliðsstjórnin tilkynni sér það, ef hún getur orðið við ósk þessari, til þess landshöfðingja verði sagt fyrir það, sem með þarf í þessu efni.

21. Auglýsing frá stiptamtanninum yfir Íslandi, um póstmálefni. 22. marz.

1. Auk hinna almennu íslenzku póstfrímerkja, sem getið er um í auglýsingu 3. maí f. á., eru nú kominn út grá frímerki fyrir 3 sk. (fyrir 3 rd. 100), og eru þau viðhöfð eptir sömu reglum sem hin frímerkin.
2. Ferða-áætlun suðuramtpóstans er fyrir yfirstandandi ár breytt þannig :